Skráningartafla: Kleifar 2 Vestmannaeyjum. Frystigeymsla.
Landnúmer: 214239
Matshlutanúmer: 02

Skrásetjari: Jón Guðmundsson Arkitekt.
Kennitala: 310551-3259
Dags.: 15.-9.-2015
Útgáfa: 4.útl.

Uppskipting og lýsing D0 Lokun	D1 Rými hæð-vídd	D2 Notkun texti	D3 Hólf-flokkun	D4 Eignar-hald	Stærðir D5 Bruttóflötur m²	D5M Milliflötur m²	D6 Svalir m²	D7 Op m²	D8 Bruttóflötur m²	D9 Bruttóflötur sh < 1,8	D10a Salarhæð min	D10b Salarhæð max	D11 Brúttó rúmmál m³	D12 Nettóflötur m²	D16 Birt flatarmál m²	Reiknistala skiptarúmmáls	D17 Skipta-rúmmál m³
		Matshluti			3.838,0	0,0	0,0	0,0	3.780,0	0,0			50.869,6 756,0	3.716,2	3.780,0		49.239,650
		Botn															
A	01 0101	**1. hæð** **Frystigeymsla.**	N	0101	3.780,0 3.780,0	0,0	0,0	0,0	3.780,0 3.780,0	0,0	11,50	15,00	50.085,0 50.085,0	3.716,2 3.716,2	3.780,0 3.780,0	13,25	49.239,650
A	02 0201	**Þakrými.** **Þakrými.**	V	0101	58,0 58,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,00	1,48	28,6 28,6	0,0	0,0		

Athugasemdir

Húsið er byggt upp sem stálgrindarhús, klætt að utan með uretan einingum, þak og veggir. Frystigeymsla.
Húsið er byggt við núverandi frystigeymslu. Mhl. 01

Sameignir samra

Eignarhald

Eignar-hald	Notkun texti	Birt flatarmál m²	Skiptarúmmál Séreign m³	Skiptarúmmál Séreign og sameign m³
0101	**Frystigeymsla.**	3.780,0	49.239,650	49.239,650
	Alls	3.780,0	49.239,650	49.239,650



Afstöðumynd. 1 : 500

Frystig -- Afstodum.dwg
19.8.2019 08:08 f.h.
JonG

SAMÞYKKT AF BYGGINGARFULLTRÚA
4. SEP. 2019
BYGGINGARFULLTRÚINN I VESTMANNAEYJUM

Samþykkt á fundi byggingarnefndar Vestmannaeyja
14. JÚNÍ 2016
Byggingarfulltrúinn í Vestmannaeyjum

BRUNAVARNIR

Flokkun og notkun byggingar
Í byggingunni er frystigeymsla til geymslu á frosnum sjávarafurðum, alls 3780 m² og er hún í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012. Byggingin tengist núverandi frystigeymslu og þjónusturými.
Núverandi húsnæði var brunahannað af teiknistofu PZ ehf sem var endurskoðað í nóvember 2014.
Eftirfarandi brunavarnalýsing er gerð af VSI Öryggishönnun og ráðgjöf ehf og uppfærð af Lotu (áður VSI) í janúar 2019.

Brunahólf
Húsið er tvö meginbrunahólf, annað u.þ.b. 1795 m² og hitt u.þ.b. 1953 m², með EI 90 veggjum og EI 60-C/EI 60-CS hurðum.
Svokallaðar hraðhurðir eru í brunahólfunarskilum, sem opnast upp þegar ekið er að þeim en brunahólfandi eldvarnatjöld EI 60-C, sem lokast við boð frá brunaviðvörunarkerfi, eru fyrir hurðargötunum.
Veggur milli núverandi húsnæðis (þjónusturýmis) og nýbyggingar verður EI 90 með EI 60-C hurðum.
Klætt verður með tvöföldu gifsi a.m.k. 1 m inn á veggi og loft sitt hvoru megin við EI 90 vegginn í frystigeymslunni til þess að ná a.m.k. 90 mínútna hólfun yfir 2 metra svæði (2x20 mín + 2x15 mín (samlokueiningar) + 2x20 mín).

Burðarvirki
Aðalburðarvirki hússins er stálvirki sem skal ná a.m.k. R60 brunamótstöðu.
Burðarvirki í meginbrunahólfunarskilum skal vera a.m.k. R90.
Stálburðarvirki í þaki (gitter) verður ekki eldvarið sérstaklega þar sem reyklúgur í þaki gera það að verkum að skv. útreikningum í forritinu CFAST, verður mesta hitastig í reyklagi um 100°C eftir 15 mínútur. (sjá nánar í fylgiskjali).
Í þjónusturými, sem er í eldra húsi, var sett upp sjálfvirkt vatnsúðakerfi og kemur það á móts við brunavörn á stálsúlur sem eru við gatlinn sem nú er áfastur nýju frystigeymslunni.

Klæðningar
Útveggir og þak í nýbyggingu eru úr PIR einingum sem uppfylla ekki almennar kröfur til klæðninga í flokki 1. Þær skulu uppfylla a.m.k. C-s2,d0 skv. ÍST EN 13501-1:2003.

Flóttaleiðir
Hvergi er lengra en 45 m í útgang eða annað brunahólf.
Frá hvoru brunahólfi eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir, önnur beint út og hin inn í þjónusturými sem er annað brunahólf og þaðan út.
Fyrir utan báðar flóttahurðir í gólfunum verða sett skýli til varna mögulegum flóðum.
Hefðbundnar hurðir eru út í þessi skýli en frá þeim og út verða svokallaðar skipahurðir, sérútbúnar til að þola þrýsting. Þær ná ekki fullri hæð heldur er u.þ.b. 1,7 m upp í efri brún þeirra og stiga þarf yfir 20-30 cm kant til að komast út. Þar sem ekki er gert ráð fyrir að fólk sé að staðaldri að vinna í frystigeymslunni nema kannski 1 starfsmaður á lyftara stóku sinnum sem þekkir til staðhátta, er þetta fyrirkomulag ekki talið ógna öryggi fólks.

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. reglum Mannvirkjastofnunar. Kerfið verður tengt við núverandi kerfi sem er tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd er við aðalinnganginn í Mótorhúsi, (eldra húshluta.)

Reyklosun
Reyklosun verður um þrjár reyklúgur í hvoru meginbrunahólfi fyrir sig. Þrjár reyklúgur verða í þaki hvors brunahólfs, hver a.m.k. 3,4 m² eða rúmlega 0,5% af gólfflatarmáli stærri geymslunnar. Skv. útreikningum í forritinu CFAST, þar sem reiknað var með 5 MW hröðum hönnunarbruna (sjá fylgiskjal) verður hitastig í reyklagi mest í kringum 100°C eftir 15 mínútna bruna. Reyklagið fer mest niður í 3,7 m en kritískt hæð reyklags er 2,9 m.
Reyklúgumar skulu vera af viðurkenndri gerð skulu búnar upphituðum kanti svo þær frjósi ekki fastar.
Reyklúgur skulu opnast handvirkt með hnappi staðsettum við stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis.
Í þjónusturými (áður umbúðageymsla) getur reykur borist upp með eldri vegg, upp í ónotað rými fyrir ofan loftið. Þarna er ekki um að ræða ræa í brunahólfun en sett verður reyklúga í þakið þarna fyrir ofan, a.m.k. 0,5 m² sem hægt verður að opna handvirkt með rofa sem staðsettur verður við inngangshurð.

Slökkvitæki
Slökkvitæki skulu m.a. staðsett við innganga en auk þess viðar skv. reglum. Hámarks fjarlægð í næsta slökkvitæki má hvergi vera meira en 25 m. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila.
Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum af hæfilegri stærð miðað við sjónfjarlægð.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð.
Reikna skal með a.m.k. 0,5 lux í frystigeymslunum (>60 m²).

Aðkoma slökkviliðs og vatnsþörf
Aðkoma slökkviliðs að húsinu er góð allan hringinn.
Slökkvivatnsþörf fyrir stærra brunahólfið er skv. útreikningum um 43 l/sek.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörunarkerfi, reyklúgum, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Vinnslustöðina.

BYGGINGARLÝSING:

Húsið er byggt sem frystiklefi, viðbygging við núverandi frystiklefa á lóðinni Kleifar 2 Mhl. 02 Landnúmer. 214239 Stgr. 5123-0020

SÖKKLAR:
Sökklar eru steinsteyptir á fyllingu, sjá teikn. verkfræðings.

BOTNPLATA:
Botnplata er steypt á þjappaða fyllingu, sjá teikn. verkfræðings.
Botnplatan verður steypt sem tvöföld gólfplata með 200 mm. tvöfaldri einangrun á milli steypulaga. sjá nánar sérteikn.

ÚTVEGGIR:
Burðarvirki hússins verður stálgrind. Utaná stálgrindina verður klætt með 150 mm. uretaneiningum (pir) með lituðu stáli, utan og innan.

MILLIVEGGIR:
Milliveggur milli frystiklefa hússins verður byggður upp með tvöföldum útveggjaeiningum og þar á milli byggður steinullarveggur, klæddur með tvöföldu gifsi, sem uppfyllir kröfur um EI. 90 vegg.

ÞAK:
Þakið er byggt upp sem stálgrindar þak. Ofaná stálgrindina er klætt með berandi stálklæðningu, þarofaná eru festar 200 mm. uretan einingar sem tengdar verða útveggjaklæðningunni, þaryfir settur þakpappi, lektur og þakið klætt með lituðu bárustáli.
Í þakinu verður komið fyrir 4 x 3,4 m2 reyklúgum, sérhönnuðu fyrir frystiklefa, með tilheyrandi hitaþráðum.

KLÆÐNING:
Allar klæðningar í húsinu skulu að minnsta kosti vera í flokki I.

EINANGRUNARGILDI:

Botnplata	0,2	W/m²°C
Útveggir	0,15	W/m²°C
Gluggar & karmar	2,0	W/m²°C
Hurðir	3,0	W/m²°C
Þak	0,15	W/m²°C

Húsið skal að öllu leyti byggt í samræmi við gildandi reglugerðir.

Loftræsa skal öll gluggalaus rými.

Reykskynjurum og öðrum eldvarnarbúnaði í húsið skal komið fyrir í samræmi við reglugerðir.
Neyðarlýsing skal vera við allar útgönguleiðir.
Neyðarlýsing skal vera í hverjum frystiklefa fyrir sig.

Breytt 12. - 8. - 2019
Bætt við útb. inngangi á frystigeymslu. Mhl. 02

Breytt 8. - 3. - 2019
Skirslu um brunavarnir breytt.

Breytt 15. - 5. - 2017
Hækkaðir stryptir veggir utaná húsinu, teiknaðir inn viðbótar Eimsvali við eldri frystiklefann.
Teiknuð girðing kringum port, bakatil.
Breytt staðsetn á reykræstingu frystiklefa.

Kleifar 2 Frystigeymsla. Vestmannaeyjum.

VERK. NR. 346
TEIKN. NR. 01
DAGS. 15. - 8. - 2015 MÁL. 1:500
BREYTT.

JÓN GUÐMUNDSSON ARKITEKT KT. 310551-3259
VINNUSTOFA SUÐURLANDSBRAUT 16 REYKJAVÍK SÍMI 552 5055